

Reykjavík 22. febrúar 2024.

## Umsögn með frumvarpi til laga um mannanöfn - Þingskjal 22 — 22. mál.

Þetta er að öllum líkindum í fjórða sinn, sem ég er beðin um að skrifa umsögn með frumvarpi til laga um mannanöfn og vil þakka Alþingi fyrir að treysta mér til þess. Í sem allra stystu máli hafa umsagnir mínar í öllum tilvikum snúið að því að losa um þá mismunun og dilkadrætti, sem felast í núgildandi mannanafnalögum, þar sem sumum er leyft það sem öðrum er bannað. Ég hef ítrekað bent á að slík mismunun á borgurum íslenska ríkisins gangi þvert á jafnréttisákvæði Stjórnarskrár Íslands 65. gr., en þar segir:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“<sup>1</sup>

Þessi mismunun er hvað augljósust í því að útvaldur hópur fólks hefur lögvarinn rétt til að bera ættarnafn en öðrum – einkum og sérilagi þeim sem hafa kenninamn, sem vísar til eiginnafrs foreldris með dóttir eða son endingu – er það bannað með lögum. Slík lögleysa er andlýðræðisleg og óverjandi í alla staði. Það er því sérstakt gleðiefni að núverandi frumvarp skuli falla frá þessari augljósu mismunun, sem lögfest er í ríkjandi mannanafnalögum. Það er jafnframt gleðiefni að lagt er upp með að andi tillagna að breytingum á lögum um mannanöfn er frjálslýndur. Af slíku frjálslýndi stafar engin hætta, hvorki málleg né menningarleg. Þvert á móti er losun hafta, forræðishyggju og íhlutunar ríkisvaldsins í jafn persónulegu máli og nafni hvernar manneskju einstakt fagnaðarefni. Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu er fólki treyst til að:

„viðhalda þeirri menningu og þeim siðum sem hafa merkingu fyrir það sem hluta af stærri heild. Viljinn til þess að standa vörð um hefðir og venjur verður ekki þvingaður upp á fólk með boðum og bönnum. Íslensk tunga og þar af leiðandi nafnahefð dafnar þegar þeim sem hana nota er treyst til að fara með hana án afskipta og íþyngjandi laga. Á það ekki síst við um lög sem neyða fólk til þess að sækja rétt sinn fyrir dómstólum til þess eins að fá að heita það sem það vill heita.“

Það er ennfremur fagnaðarefni að ritháttur nafna skuli ekki vera festur í lög. Hvort skrifað er Sara eða Sarah, Elizabeth eða Elísabet, Kamilla eða Camilla svo dæmi sé tekið er ekki ríkisvaldsins að skera úr um, en bæði nafnaval sem og ritháttur nafna getur haft mikla tilfinningalega og jafnvel menningarlega þýðingu fyrir þann sem nafnið ber. Í ljósi mikillar fjölgunar innflytjenda á s.l. árum og áratugum, sem velflestir bera nöfn sem ekki samræmast núgildandi nafnalögum er þessi breyting sérstakt gleðiefni. Líta má á þessa breytingu sem lið í

<sup>1</sup> Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands 1944 nr. 33 17. júní (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>).



MIRRA

Mirra, fræðsla, rannsóknir, ráðgjöf /  
Mirra, intercultural education, migrant research, consultation.

[www.mirra.is](http://www.mirra.is)  
[mirra@mirra.is](mailto:mirra@mirra.is)

tel. + 354 692-1359

aukinni inngildingu innflytjenda inn í íslenskt samfélag. Nöfn og nafnavenjurnar eru sannarlega hluti af menningararfi og menningarlegum auði hvaðan sem fólk kann að vera upprunnið. Frumvarpið felur í sér virðingu og viðurkenningu á þessum menningararfi óháð uppruna.

Í heild sinni er frumvarpið mikið fagnaðarefni. Með samþykkt þess víkja forræðishyggja og mismunun fyrir jafnræði og opnað er fyrir mun meiri margbreytileika í nafngiftum eiginnafna sem og kenninafna/ættarnafna.

Ef það er einlægur ásetningur pólitískra yfirvalda að tryggja jafnræði borgaranna, sem kveðið er á um í Stjórnarskrá Íslands, hlýtur frumvarpið brautargengi annars ekki.

Virðingarfyllt,

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir



MIRRA

Mirra, fræðsla, rannsóknir, ráðgjöf /  
Mirra, intercultural education, migrant research, consultation.

[www.mirra.is](http://www.mirra.is)

[mirra@mirra.is](mailto:mirra@mirra.is)

tel. + 354 692-1359